



## Erindisbréf fyrir kennara í grunnskólum Akureyrar

### 1. gr.

Kennari, sem ráðinn er til starfa í grunnskólum Akureyrar, skal gegna því samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámsskrá grunnskóla, erindisbréfi, kjarasamningum og starfsmannastefnu Akureyrarbæjar.

*Skólastjóri ræður kennara við sinn skóla í samræmi við gildandi samþykkt bæjarstjórnar um ráðningarferli í grunnskólunum. Næsti yfirmaður kennara er deildarstjóri.*

Ráðning skal vera í samræmi við lög nr. 66/1995 um grunnskóla, lög nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og lög nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

### 2. gr.

Á kennara hvílir sú skylda að miðla þekkingu til nemenda á árangursríkan hátt og stuðla að félagslegri mótun þeirra. Hann skal veita hverjum og einum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði nemenda og frjóa hugsun. Kennara ber að aðstoða hvern og einn í náminu, stuðla að því að sérhver nemandi fái viðfangsefni við hæfi og tileinki sér heilbrigðar lífsvenjur.

### 3. gr.

Kennari er aðili að hópi fagmanna hvers skóla, ber með þeim sameiginlega ábyrgð á faglegu starfi skólans, tekur þátt í ákvörðunum hópsins og ber að virða lýðræðislega starfshætti innan hans. Hann vinnur með skólastjórnendum að gerð skólanámskrár, þróunaráætlunar, endurmenntunarstefnu og sjálfsmatsáætlun skólans eftir því sem verkefnum er skipað í hverjum skóla.

### 4. gr.

Kennara ber að annast kennslu og nauðsynlegan undirbúning samkvæmt aðalnámsskrá og stefnu skólans og sinna öðrum störfum sem skólastjóri felur honum enda samræmist þau starfssviði hans. Kennari ber faglega ábyrgð á því að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámsskrár og skólanámskrár. Hann hefur faglegt starf sitt til stöðugar skoðunar og leitar sífellt leiða til umbóta og þróunar. Hann kynnir sér eftir föngum nýjungar á sviði kennslu og kennslugagna og tekur þátt í faglegri umræðu innan skóla.

### 5. gr.

Í starfi kennara felst meðal annars:

- að undirbúa kennslu og kenna í samræmi við markmið aðalnámsskrár þar sem hliðsjón er höfð af ólíkri getu og ólíkum þörfum og áhugamálum nemenda;
- að hafa með hendi reglubundið mat á námi og starfi nemenda og fylgjast með framförum og árangri þeirra;
- að fylgjast með ástundun, framkomu og líðan nemenda og hafa forystu um úrbætur reynist þess þörf;
- að jafna ágreining milli nemenda og taka á agamálum sem upp koma en vísa þeim til skólastjórnenda ef allt um þrýtur;
- að fylgjast með aðbúnaði til náms og kennslu og gera skólastjóra viðvart ef umbóta er þörf;
- að færa dagbækur reglulega, nemendaskrár, einkunnabækur og aðrar nauðsynlegar skýrslur.

### 6. gr.

Kennari skal annast umsjón með bekk eða námshópi eftir ákvörðun skólastjóra.

### 7. gr.

Kennari skal hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju. Hann skal láta sér annt um velferð nemenda og leitast við að vera þeim til fyrirmyndar um háttvísi, stundvísi og reglusemi.



8. gr.

Kennari skal gæta trúnaðar við nemendur og virða þann trúnað sem þeir sýna honum. Hann skal gæta þagmælsku um þau einkamál er hann fær vitneskju um í starfi og þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

9. gr.

Kennari stuðlar að virkri þátttöku foreldra í skólastarfinu og hefur sem nánast samstarf við þá um nám barna þeirra og námsmarkmið og veitir þeim sem gleggstar upplýsingar um skólann og skólastarfið, framkomu barna þeirra og félagslega stöðu. Áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og heimili og skóla sem vettvang menntunar.

10. gr.

Kennari skal taka þátt í innra mati í samræmi við sjálfsmatsáætlun skóla.

11. gr.

Komi til þess að kennari þurfi að beita agaviðurlögum í skóla skal kennari gæta þess að slíkt sé gert í samræmi við reglugerð um skólareglur í grunnskóla nr. 270/2000.

12. gr.

Kennari getur leitað til sérfræðiþjónustu skóla vegna erfiðra úrlausnarmála sem hann stendur frammi fyrir í starfi með nemendum eða vegna nýbreytni- og þróunarstarfa. Ósk um aðstoð leysir kennara ekki undan ábyrgð á viðfangsefni sínu en hlutverk sérfræðiþjónustu er að veita honum ráðgjöf sem fagmanni í fjölþættu hlutverki.

13. gr.

Í þeim tilvikum sem kennari fær skólaliða til samstarfs er hann verkstjóri hans. Hann undirbýr faglegt starf í kennslustundinni og stjórnar því.

14. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.